



Borgarstjórn í Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2004

R04090035

530

AK	PR		
Kom: 28 SEP 2004			
SA	NR.	2334	

Samtök atvinnulífsins
Ari Edwald, framkvæmdastjóri
Borgartún 35
105 REYKJAVÍK

Vélamiðstöð ehf. og Malbikunarstöðin Höfði hf.

Vísað er til bréfs þíns dags. 8. þ.m. varðandi ofangreind fyrirtæki.

Á fundi borgarráðs þ. 16. þ.m. var samþykkt svohljóðandi tillaga borgarstjóra:

Borgarráð samþykkir að fela verkefnisstjórn skipaðri tveimur borgarráðsmönnum auk borgarstjóra að undirbúa tillögur um sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Vélamiðstöðvarinni ehf. og Malbikunarstöðinni Höfða hf. Taka skal tillit til hagsmuna Reykjavíkurborgar sem aðaleiganda fyrirtækjanna tveggja og jafnframt sem eins helsta kaupanda þjónustu þeirra. Miðist tillögurnar við að tryggja sem virkasta samkeppni á starfssviði fyrirtækjanna. Verkefnið verði unnið í samráði við meðeigendur Reykjavíkurborgar að fyrirtækjunum, stjórnir þeirra, stjórnendur og starfsmenn. Verkefnisstjórnin skal leggja tillögur sínar fyrir borgarráð fyrir árslok 2004.

Á sama fundi var felld með fjórum atkv. gegn þremur svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokkss:

Jafnframt beinir borgarstjórn þeim tilmælum til Vélamiðstöðvar ehf. að draga til baka tilboð félagsins i nylegu útboði vegna þjónuslu við endurvinningstöðvar Sorpu þ.e. og umsókn sína um þátttöku í útboði vegna flutninga og vélarvinnu í móttökustöð Sorpu í Gufunesi.

Samkvæmt samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar hljóta mál sem afgreidd eru í ágreiningi í borgarráði endanlega afgreiðslu í borgarstjórn Reykjavíkur. Borgarstjórn felldi tillöguna á fundi sínum þ. 21. þ.m., en stefnumótun stjórnar Vélamiðstöðvar ehf. hafði verið kynnt í borgarráði 30. mars sl., en í henni felast m.a. þessi atriði:

- *Lögð er áhersla á að hlúa að þeim viðskiptavinum sem fyrirtækið hefur þjónað á liðnum árum, en um leið að sækja fram á almennum markaði og þá fyrst og fremst með sérhæfð tæki í langtímaleigu fyrir sveitarfélög, stofnanir og verkata.*
- *Verðlagning leigugjalda skal vera samburðarhæf við aðrar hliðstæðar leigur. Valkostir viðskiptavina í langtímaleigu spanni bilið allt frá einfaldri rekstrarleigu yfir*

i leigu þar sem allur kostnaður er talinn, þ.m.t. áhætta vegna tjóna.

Umræða um hugsanlega sölu Vélamiðstöðvar ehf. hefur staðið um hríð en jafnframt því að standa vörð um almennar sanngirmisreglur og hagsmuni Reykjavíkurborgar sem kaupanda þjónustu á markaði, hljóta borgaryfirvöld að gæta hagsmunu Reykvíkinga sem helstu eigenda Vélamiðstöðvar ehf. Meðan á þeim breytingum stendur, að fyrtæknið er á leið úr almannaeigu og sífellt fleiri verkefni þess eru boðin út á almennum markaði, er það afstaða borgaryfirvalda að ekki sé rétt að taka framfyrir hendur stjórnar fyrtækisins og hugsanlega rýra þar með verðmæti þess.

Það er hlutverk stjórnar Vélamiðstöðvar ehf. að standa vörð um eigandahagsmuni Reykjavíkurborgar. Það er hinsvegar hlutverk þeirrar verkefnisstjórnar, sem falið hefur verið að móta tillögur um sölu Vélamiðstöðvar ehf., að vinna með stjórn fyrtækisins að því að gæta heildarhagsmuna Reykjavíkurborgar. Eðli málsins samkvæmt er of snemmt að segja til um hvort það samstarf kann að hafa áhrif á stefnumörkun stjórnar Vélamiðstöðvar ehf., en samkvæmt áðurgreindri samþykkt borgarráðs á verkefnisstjórnin að skila tillögum sínum fyrir áramót.

Hvað varðar tilmæli í bréfi þínu er varða rekstur Orkuveitu Reykjavíkur er eðlilegt að beina þeim beint til stjórnar fyrtækisins.



Þórólfur Arnason

Hjálagt:
Tillaga borgarstjóra til borgarráðs dags. 16. 9.2004, m/greinarg.



Reykjavík, 16. september 2004.

T I L L A G A

Til borgarráðs

Borgarráð samþykkir að fela verkefnistjórn skipaðri tveimur borgarráðsmönnum auk borgarstjóra að undirbúa tillögur um sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Vélamiðstöðvarinni ehf. og Malbikunarstöðinni Höfða hf. Taka skal tillit til hagsmuna Reykjavíkurborgar sem aðaleiganda fyrirtækjanna tveggja og jafnframt sem eins helsta kaupanda þjónustu þeirra. Miðist tillögurnar við að trygga sem virkasta samkeppni á starfssviði fyrirtækjanna. Verkefnið verði unnið í samráði við meðeigendur Reykjavíkurborgar að fyrirtækjunum, stjórnir þeirra, stjórnendur og starfsmenn. Verkefnistjórnin skal leggja tillögur sínar fyrir borgarráð fyrir árslok 2004.

Greinargerð:

Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg endurskipulagt rekstur sinn og þjónustu. Jafnframt hafa miklar breytingar verið gerðar á rekstri fyrirtækja borgarinnar og rekstrareiningar, sem betur eiga heima á almennum markaði verið seldar. Má þar nefna sölu á hlut borgarinnar í SKÝRR hf., sölu á Pípugetré Reykjavíkur hf., stofnun hlutafélags um rekstur Malbikunarstöðvar og Grjótnáms, sameiningu veitufyrirtækja, stofnun Félagsbústaða, hlutafélagavæðingu og sölu hlutafjár í Húsatryggingum Reykjavíkur, breytingu á rekstri Strætisvagna Reykjavíkur og samstarfi innan Strætó bs. og breytingu á rekstri Slökkviliðsins í Reykjavík og sameiningu þess við önnur slökkvilið undir merkjum SHS.

Á fundi sínum þ. 7. þ.m. vísaði borgarstjórn Reykjavíkur til borgarráðs tveimur tillögum borgarfulltrúa Sjálfstæðisfloksins, hinni fyrr svohljóðandi:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að hefja undirbúning að sölu á öllum hlut Reykjavíkurborgar í Malbikunarstöðinni Höfða ehf. og Vélamiðstöð hf.

Hér er lagt til að borgarráð fallist á efni tillögunnar að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða er í tillögu til borgarráðs greinir.

Verkefnistjórn, af þeim toga sem hér er gerð tillaga um, var sett á fót þegar tekist var á við þau umfangsmiklu verkefni sem getið er hér að ofan. Hagsmunir Reykvíkinga í tengslum við fyrirtækin tvö eru afar margbrotnir. Vélamiðstöð ehf. sinnir mjög sérhæfðum verkefnum fyrir eigendur sína, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur, og tryggt þarf að vera hvernig þau verða leyst við væntanlega sölu fyrirtækisins.

Óljóst er hve lengi Malbikunarstöðin Höfði hf. mun geta starfað á núverandi stað þar sem lega Sundabrautar mun hugsanlega giða fyrir nauðsynlega aðflutninga fyrirtækisins af sjó. Þá starfar Malbikunarstöðin Höfði hf. á fákeppnismarkaði, en Reykjavíkurborg er mikil nauðsyn að trygga virka samkeppni á þeim markaði.

Gert er ráð fyrir að verkefnistjórnin leggi tillögur fyrir borgarráð fyrir árslok.

Þórólfur Árnason